

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. janúar 2012 í máli nr. S-943/2011:

Ákærvaldið

(Sigurður Freyr Sigurðsson fulltrúi)

gegn

Júlíusi Þorbergssyni

(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)

I

Málið, sem dómtekið var 15. desember síðastliðinn en endurupptekið og dómtekið að nýju 12. janúar síðastliðinn, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 14. júní 2011 á hendur „Júlíusi Þorbergssyni, kennitala 000000-0000, Heiðarási 3, Reykjavík, fyrir eftirtalin brot:

I.

Fyrir brot gegn lyfjalögum, með því að hafa:

- a) á árunum 2008 og 2009, í verslun Draumsins, Rauðarárstíg 41 í Reykjavík, sem er í eigu Draumsins ehf. og ákærði er eigandi, stjórnarformaður og daglegur stjórnandi að, án þess að hafa markaðsleyfi og lyfsöluleyfi Lyfjastofnunar, selt tveimur nafngreindum konum lyfin mogadon, rivotril og ritalin.

- b) fimmtudaginn 10. júní 2010, á neðangreindum stöðum, átt neðangreind lyf í söluskyni, án þess að hafa markaðsleyfi og lyfsöluleyfi Lyfjastofnunar:

(1) í verslun Draumsins, Rauðarárstíg 41 í Reykjavík, sem er í eigu Draumsins ehf. og ákærði er eigandi, stjórnarformaður og daglegur stjórnandi að, átt 18 töflur af mogadon, 19 töflur af rítalíni, 10 töflur af starklox, 29 belgi af NVR, 14 töflur af sobril og 18 töflur af rivotril.

(2) í húsnæði við Snorrabraut 40 í Reykjavík, átt 400 töflur af mogadon, 19 töflur af levitra, 12 töflur af cialis, 267 amfetamíntöflur, 66 töflur af concerta, 178 töflur af sobril og eina töflu af imovane.

Telst þetta varða við 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 20. gr., sbr. 1. mgr. 48. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með áorðnum breytingum.

II.

Fyrir brot gegn tóbaksvarnarlögum, með því að hafa fimmtudaginn 10. júní 2010, á neðangreindum stöðum, átt í söluskyni samtals 222 dósir af fínkornóttu neftóbaki og 1729 dósir af munntóbaki:

- a) í verslun Draumsins, Rauðarárstíg 41 í Reykjavík, sem er í eigu Draumsins ehf. og ákærði er eigandi, stjórnarformaður og daglegur stjórnandi að, átt 14 dósir af neftóbaki og 39 dósir af munntóbaki.
- b) í húsnæði við Snorrabraut 40 í Reykjavík, í söluskyni, átt 168 dósir af fínkornóttu neftóbaki og 1470 dósir af munntóbaki.
- c) í bílskúr við húsnæði sitt að Heiðarási 3 í Reykjavík, í söluskyni, átt 40 dósir af fínkornóttu neftóbaki og 40 dósir af munntóbaki.
- d) í húsnæði við Hyrjarhöfða 3 í Reykjavík, í söluskyni, átt 180 dósir af munntóbaki.

Telst þetta varða við 5. mgr. 8. gr., sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.

III.

Fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa fimmtudaginn 10. júní 2010, á heimili sínu við Heiðarás 3 í Reykjavík, í söluskyni, haft í vörslum sínum 20,74 g

af kókaíni sem lögregla fann við leit.

Þetta telst varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með áorðnum breytingum, og 2. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með áorðnum breytingum.

IV.

Fyrir peningaþvætti, með því að hafa um nokkurt skeið fram til fimmtudagsins 10. júní 2010, á höfuðborgarsvæðinu, sjálfur og í gegnum verslunina Draumurinn, Rauðarárstíg 41 í Reykjavík, aflað sér ávinnings að fjárhæð 10.182.000 krónur, 2.310 evrur, 400 dönskum krónum, 764 amerískum dollurum, 250 breskum pundum og 30 kanadískum dollurum með sölu og dreifingu ótiltekins magns af lyfseðilskyldum lyfjum, munn- og neftóbaki og ávana- og fíkniefnum, samskonar því sem var í vörslum hans þegar leit var gerð, sbr. ákærulið I. til og með III.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum, sbr. 1. mgr. 48. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt að gerð verði upptæk 20,74 g af kókaíni, íblöndunarefni, 3 plastkassar og áhöld sem í þeim voru, sem hald var lagt á við húsleit að Heiðarási 3 í Reykjavík, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, lyf sem hald var lagt á, samkvæmt 3. mgr. 48. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, 222 dósir af fínkorna neftóbaki og 1729 dósir af munntóbaki, sem hald var lagt á, samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og samtals 10.182.000 krónur, 2.310 evrur, 400 danskar krónum, 764 amerískir dollarar, 250 bresk pund og 30 kanadískir dollarar samkvæmt 1. mgr. 69. gr. og 1. tl. 1. mgr. 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 149/2009, og 3. mgr. 48. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.“

Ákærði játar sök í II. kafla ákæru, en neitar sök að öðru leyti. Hann krefst sýknu af þeim ákæruliðum þar sem hann neitar sök en vægustu refsingar að öðru leyti. Þess er krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Ákærði krefst þess að upptökukröfu á tóbaki og peningum verði hafnað.

II

Málavextir eru þeir að fimmtudaginn 10. júní 2010 leitaði lögreglan í versluninni Draumnum sem ákærði rak, á heimili hans, heimilum sona hans og í íbúð sambýliskonu hans. Einnig var leitað í geymsluhúsnæði ákærða og tveimur

bifreiðum hans. Í greinargerð lögreglu til Héraðsdóms, þar sem heimildar til leitar var krafist, segir svo um tilefni hennar „að lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hafi á undanförunum dögum og vikum borist ítrekaðar ábendingar, frá aðilum sem ekki vilji láta nafns síns getið, um að í söluturninum Draumnum við Rauðarárstíg 41 í Reykjavík fari fram sala og dreifing á lyfseðilsskyldum lyfjum, tóbaki, sem flutt hafi verið hingað til lands með ólögmætum hætti og ávana- og fíkniefnum. Þá hafi jafnframt borist upplýsingar um að eigendur og starfsmenn verslunarinnar móttaki þýfi. Þá hafi lögreglu borist upplýsingar í síðustu viku um að bæði fíkniefni og lyfseðilsskyld lyf væru seld í versluninni“. Við leit á þessum stöðum fundust lyf, fíkniefni og peningar, auk áhalda og annars eins og í ákæru greinir. Þá var og lagt hald á margvíslega aðra hluti, svo sem skilríki manna, skotfæri, síma og aðra muni.

Ákærði var handtekinn og föstudaginn 11. júní var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald til 16. sama mánaðar. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn 14. júní.

III

Við aðalmeðferð kannaðist ákærði við að vera eigandi, stjórnarformaður og daglegur stjórnandi Draumsins ehf. Hann kvaðst hvorki hafa markaðs- né lyfsöluleyfi Lyfjastofnunar. Hann neitaði að hafa selt konum lyf eins og honum er gefið að sök í a-lið I. kafla ákæru. Ákærði kvaðst kannast við konu að nafni Kristín, en ekki við Guðrúnu Gísladóttur, en kannaðist við að veski hennar hefði fundist í versluninni. Kristín hefði keypt nauðsynjar í versluninni og einu sinni sett tölvu að veði fyrir skuld vegna þessa. Hann kvað konu, Þórdísi Ólafsdóttur, hafa átt poka hjá sér í versluninni. Hún hefði komið pokanum fyrir til geymslu hjá sér þar eð hún hefði séð drauga ganga um í sinni íbúð. Í pokanum hefðu verið lyf. Ákærði kvað Þórdísi einnig hafa átt lyfin sem fundust að Snorrabraut 40. Hann kvaðst oft hafa gert henni greiða og þar með að geyma þetta fyrir hana, en í pokanum hefði verið alls konar annað dót en lyf. Varðandi lyfin, sem fundust að Snorrabraut 40, kvaðst ákærði hafa átt 12 töflur af Cialis og húsráðandi, Inga Stefánsdóttir, hefði átt sobríl töflurnar, en annað hefði verið frá Þórdísi. Allt sem fannst í Draumnum hafi verið úr poka Þórdísar. Ákærði kvaðst hafa tekið Þórdísi að sér fyrir þremur árum og annast ýmsar útréttingar fyrir hana. Hann hefði svo orðið leiður á þessu og fengið annan mann til að annast þetta og hann hefði komið með pokann. Hann kvað Þórdísi hafa látist um síðastliðin áramót. Ákærða var bent á að lyfin hefðu fundist víðs vegar um verslunina og kvað hann það geta verið.

Ákærði játaði sök samkvæmt II. kafla og gerði ekki athugasemdir við fjölda dósa sem þar er tilgreindur. Hann kvaðst hafa selt nef- og munntóbak í um eitt og hálf t. Sumt hefði hann gefið en annað selt á sex til níuhundruð krónur dósina. Þetta hefði verið selt í versluninni.

Ákærði neitaði sök í III. kafla og kvaðst ekki hafa átt kókaínið sem fannst heima hjá honum. Hann kvaðst hafa haft erlenda iðnaðarmenn í vinnu og detti sér helst í hug að þetta sé frá þeim. Hann hefði leyft þeim að búa á heimilinu gegn því að vinna fyrir hann, en þeir hefðu aldrei klárað það og svo farið. Hann kvaðst ekki þekkja þessa menn og ekkert vita um þá. Ákærði kvaðst aldrei hafa séð þessi efni og áhöld, sem hald var lagt á, og ekkert hafa vitað um þetta.

Ákærði kvað peningana, sem um getur í IV. kafla ákæru, hafa verið geymda í rykfallinni tösku að Snorrabraut 40. Þar hefði hún verið í mörg ár. Ákærði kvaðst eiga þessa peninga og hafa unnið fyrir þeim sjálfur. Hann hefði rekið verslun í Kringlunni og hefði fengið greiddar 6 milljónir þegar hann fór þaðan. Þá hefði hann tekið 40 milljóna króna lán og svo hefði hann lagt fyrir í töskuna. Þá kvaðst ákærði hafa farið til útlanda með Ingu Stefánsdóttur, sambýliskonu sinni, og útlendu peningarnir væru að hluta til afgangur frá þeirri ferð. Hann taldi þó dönsku krónurnar hafa átt að vera fleiri. Ákærði kvaðst hafa sjálfur aflað allra þeirra peninga, sem um getur í þessum ákærulið. Ekkert af þeim hefði verið afrakstur tóbakssölu. Ákærði kvaðst ekki hafa lagt peningana inn á banka, enda töpuðu menn bara á því.

Inga Stefánsdóttir, sem býr að Snorrabraut 40, bar að lyfin, sem fundust þar, hefðu að hluta til verið hennar eign, það er bæði 178 töflur af sobril og 1 tafla af imovane. Annað hefði verið á vegum ákærða, en hún vissi ekkert um þau að öðru leyti. Ákærði hefði haft lykla að heimili hennar á þessum tíma, en þau hefðu verið saman af og til undanfarin tíu ár. Hún kvaðst ekki hafa vitað af töskunni með peningunum þótt hún hefði verið undir rúmi hennar. Varðandi útlendu peningana kvað hún sig og ákærða hafa ferðast saman til útlanda og væru þeir afgangur frá þeim ferðum.

Kona, sem býr í nágrenni Draumsins, bar að hafa orðið vör við sprautunálar og alls konar drasl, eins og umbúðir utan af lyfjum, í skoti bak við verslunina. Þá hefði útigangsfólk vanið komur sínar þarna í nágrennið og hún kvaðst hafa séð unglingsstráka vera að draga upp í sprautu við hlið verslunarinnar. Eins hefði hún séð fullorðinn karlmann gera þetta eitt kvöld að barni ásjáandi. Þegar nágrannar ræddu þetta hefði komið í ljós að altalað var að í versluninni væri selt dóp og lyf. Hún kvaðst hins vegar ekki hafa séð fólk kaupa sér efni í versluninni. Eftir að versluninni var lokað hætti þetta.

Maður, sem býr í nágrenni Draumsins, bar að hafa orðið var við karl og konu bak við húsið, sem hann býr í, að neyta fikniefna. Hann kvaðst ekki vita hvar þau keyptu efnið. Þá kvað hann aðra íbúa hafa rætt um að sprautunálar og lyfjaumbúðir hefðu fundist í nágrenninu. Ekkert slíkt hefði hins vegar fundist eftir að versluninni var lokað í júní 2010. Hann kvað nágranna hafa rætt þetta og hefði það verið álit þeirra að fikniefni hefðu verið seld í versluninni. Maðurinn kvaðst aldrei hafa séð ákærða selja eða afhenda lyfseðilsskyld lyf.

Guðrún Gísladóttir, sem er önnur konan, sem um getur í a-lið I. kafla ákæru, bar fyrir dómi í símaskýrslu að hafa keypt lyf í Draumnum. Hún hefði keypt rítalín, rivotril og mogadon. Þetta hefði verið á árunum 2008 og 2009 og taldi hún sig hafa alloft keypt lyf. Hún hefði greitt eitt þúsund krónur fyrir töfluna. Oftast hefði ákærði afgreitt sig, en sonur hans líka í einhver skipti. Þá kannaðist hún við að veski hennar hefði fundist í Draumnum og í því hefði verið skuldalisti. Guðrún kom aftur fyrir dóm þar eð það sætti athugasemdum af hálfu verjanda ákærða að hún skyldi eingöngu gefa skýrslu í gegnum síma. Hún bar að hafa keypt rítalín, rivotril og mogadon í Draumnum á rúmlega tveggja ára tímabili, árin 2008 til 2009. Hún kvaðst hafa keypt lyf oft í viku og mest keypt tíu til tuttugu töflur í hvert sinn og greitt eitt þúsund krónur fyrir hverja töflu. Stundum hefði hún keypt færri töflur, jafnvel bara eina. Oftast afgreiddi ákærði hana, en einstöku sinnum yngri maður

sem hún vissi ekki hvað heitir. Hún kannaðist við að hafa sett veski sitt að veði og hefði það fundist við leit í Draumnum. Í veskinu hefði verið skuldalisti yfir skuldir hennar við ákærða. Hún kvaðst hafa fengið að setja veð fyrir skuld þar eð hún hefði verið orðin þekkt sem viðskiptavinur. Guðrún kvað vinkonu sína hafa kynnt sig fyrir ákærða og hefði hún séð hana kaupa lyf af honum. Hún kvaðst einnig hafa heyrt fólk tala um að það hefði keypt lyf af honum. Lyfin hefðu verið dýrari hjá ákærða en öðrum en á móti kom að hann átti þau alltaf til. Á þessum tíma hefði verið altalað meðal fíkniefnaneytenda að ákærði seldi lyf.

Bróðir framangreindrar Þórdísar bar að hafa heyrt af því hvað ákærði hefði borið um systur sína. Kvaðst hann hafa gefið sig fram við lögreglu og óskað eftir að gefa skýrslu um vitneskju sín, en systir hans væri látin. Bróðirinn kvað það ekki rétt að ákærði hefði geymt lyf fyrir systur sína. Hið rétta væri að systur hans hefði tekist að fá sér ávísað lyfjum frá læknum og hefði hún svo selt ákærða þau. Bæði hefði verið um að ræða rítalín og amfetamín. Í eitt skipti hefði hann ekið henni í lyfjaverslun og sótt fyrir hana lyf. Eftir það hefði hann ekið að Draumnum og þar hefði hún farið inn og komið aftur eftir stutta stund með umslag sem í var mikið af peningum. Hann kvaðst ekki vita til þess að hún hefði notað lyfin sjálf, en hún hefði verið öryrki og sagt að hún þyrfti á þessum peningum að halda. Hann kvaðst vita til þess að hún hefði oftast fengið lyf og selt ákærða. Hins vegar hefði hann aldrei verið vitni að viðskiptum hennar og ákærða. Lögreglan tók ekki skýrslu af Þórdísi, en lögreglumaður hringdi í hana 3. nóvember 2010 þar sem hún lá á líknardeild. Hún var spurð um lyfseðla sem fundust við leit í Draumnum og kvað hún mann, sem hún vildi ekki nafngreina, hafa farið með dót í geymslu fyrir hana og hefðu seðlarnir verið þar á meðal. Hún neitaði að hafa látið ákærða fá þá til að taka út lyf.

Maður, sem býr í nágrenni Draumsins, bar að mikið ónæði hefði verið af versluninni vegna hópa unglunga í annarlegu ástandi sem þangað hefðu vandi komur sínar. Ekki hefði verið hægt að nota garða í nágrenninu vegna fólks sem var þar að sprauta sig og eins vegna lyfjaumbúða og sprautunála sem þar voru. Maðurinn kvaðst hafa séð mann fara inn í Drauminn og séð ákærða rétta honum eitthvað í litlum böggli. Maðurinn kvaðst skömmu síðar hafa séð kaupandann vera að eiga við tappa úti í garði og síðan hefði hann dregið upp sprautu og dregið efni úr tappanum en gengið eitthvað illa því hann hefði farið aftur í verslunina. Þegar hann kom til baka hefði þetta gengið betur og hefði hann sprautað sig í kviðinn. Maðurinn kvaðst hafa verið í sambandi við lögregluna meðan þetta gerðist. Hann kvað svona nokkuð ekki hafa gerst á þeim tímum þegar verslunin var lokað og eins hefði umferð svona fólks hætt í hverfinu eftir að versluninni var lokað sumarið 2010.

Fyrrum aðstoðarlandlæknir bar að hafa í starfi sínu oft heyrt um Drauminn og mann sem nefndur var Júlli í Draumnum. Þetta var bæði frá þeim sem misnotuðu lyf og ættingjum þeirra og eins frá læknum sem misstigu sig í lyfjaávisunum. Þessu fólki bar saman um að Júlli væri að selja lyf í versluninni og eins hefði það rætt um kannabísefni. Hann kvaðst einnig hafa heyrt um þetta í núverandi starfi sínu sem geðlæknir.

Maður nokkur, sem á geðfatlaðan vin sem á við fíkniefnavanda að stríða, bar að vinur hans hefði sagt að hann gæti keypt lyfseðilsskyld lyf í Draumnum. Maðurinn kvaðst hafa farið þangað í þeim tilgangi að kanna hvort þetta væri rétt.

Hann kvaðst hafa beðið um rivotril í versluninni og hefði það ekki verið neitt mál fyrir sig að fá það keypt. Afgreiðslumaðurinn, ungur piltur, hefði spurt hvað hann vildi mikið og hefði hann svarað tvær eða þrjár töflur. Þá hefði afgreiðslumaðurinn farið inn fyrir og náð í töflurnar. Fyrir þetta hefði hann greitt milli eitt og tvö þúsund krónur. Maðurinn kvaðst hafa heyrt að verslunin væri „gerviapótekið“ í Reykjavík og hefði hann komist að því að það væri rétt. Hann kvaðst hafa farið á lögreglustöð og skýrt frá þessu.

Fyrrum sambýlismaður konu, sem á að hafa keypt lyf af ákærða og um getur í a-lið I. kafla ákæru, bar að hún hefði tekið fartölvu frá sér og látið ákærða hafa sem veð fyrir skuld. Hann kvaðst hafa ætlað að sækja tölvuna til ákærða sem hefði ekki viljað afhenda sér hana nema hann borgaði fikniefnaskuld konunnar. Maðurinn kvað ákærða ekki hafa verið haggð með þetta. Skuldin hefði verið á milli 60 og 65 þúsund krónur sem hefði verið mun meira en verðmæti tölvunnar. Konan hefði síðan fengið sig með sér til ákærða sem þá hefði afhent sér tölvuna. Hann hefði þá sagt ákærða að hann mætti ekki selja konunni meira af eignum, en þá hefði konan brugðist við með því að fara að verja ákærða. Maðurinn kvaðst vita til að ákærði hefði selt konunni rítalín.

Konan, sem hér um getur, Kristín að nafni, kom ekki fyrir dóm. Samkvæmt skýrslum lögreglu, sem lagðar voru fyrir dóminn, var lögð mikil vinna í að hafa uppi á henni, en án árangurs. Hún hafði gefið skýrslu hjá lögreglu 16. júní 2010 og þar kvaðst hún hafa verslað við ákærða frá því seinnipart árs 2008. Hún hefði keypt rítalín af honum og greitt eitt þúsund krónur fyrir hverja töflu. Ef hún átti ekki peninga var hægt að greiða með þýfi eða einhverju sem ákærði gat selt eða notað sjálfur. Oftast var það ákærði sem afgreiddi hana, en einnig kom fyrir að synir hans gerðu það. Væri fleira fólk í versluninni nægði að rétta ákærða seðil og rétta upp jafnmarga fingur og töflurnar áttu að vera sem kaupa átti. Hún kvað ákærða hafa sett peningana fyrir töflunum undir borð en ekki í kassa verslunarinnar. Kristín kvaðst á sínum tíma hafa tekið tölvu þáverandi sambýlismanns síns og látið ákærða hafa að veði fyrir skuld. Hún hefði þurft að leysa tölvuna út og þá greitt ákærða 40.000 krónur og hefði sambýlismaðurinn verið vitni að því. Loks bar Kristín að altalað hefði verið að hægt væri að kaupa rítalín í Draumnum og það hefði hún vitað áður en hún fór að nota það.

Faðir Kristínar kom fyrir dóm og bar að hafa vitað til þess að hún hefði haft samskipti við ákærða. Meðal annars nefndi hann að hann hefði ekið henni að Draumnum til að hún gæti greitt fikniefnaskuld. Hún hefði keypt fikniefni þarna og það hefði safnast upp skuld, um 27.000 krónur. Hann kvaðst vita til þess að hún hefði bæði misnotað lyf og fikniefni og hefði hún sagt sér að hún hefði keypt hvorutveggja í versluninni. Faðirinn taldi þetta hafa verið seint á árinu 2009. Hann kvaðst hafa sagt henni að hún hefði ýmislegt þarfara að borga en þess skuld, en hún hefði þá sagt að hún yrði að greiða hana, annars yrði hún ekki látin í friði. Þá kvaðst hann hafa heyrt á AA-fundum að í versluninni Draumnum væru seld fikniefni. Hann var spurður hvort hann vissi hvar dóttir hans væri og svaraði hann því til að hún væri „einhversstaðar í myrkrinu úti á götu í dag“ og ætti í erfiðleikum. Hún hefði farið oft í meðferð undanfarin ár, en þær hefðu mistekist, eins og hann orðaði það.

Synir ákærða komu fyrir dóm en skoruðust undan því að bera vitni.

IV

Ákærði neitar sök í I. kafla ákæru. Í a-lið er honum gefið að sök að hafa selt tveimur konum lyfin, sem þar greinir, án þess að hafa markaðs- og lyfsöluleyfi. Ákærði hefur neitað að hafa selt þessum konum lyf, en hann kannaðist við að hafa ekki haft nefnd leyfi frá Lyfjastofnun. Önnur konan kom fyrir dóm og bar að ákærði hefði selt sér þessi lyf á þeim tíma sem í ákæru greinir. Hin konan fannst ekki þrátt fyrir mjög ítarlega leit lögreglu og kom því ekki fyrir dóm. Hún hafði gefið skýrslu hjá lögreglu eins og rakið var í III. kafla. Með vísun til 3. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 verður skýrslan tekin gild sem sönnunargagn, enda bar hún í henni mjög á sömu lund og vitni sem komu fyrir dóm. Í skýrslunni kvaðst konan hafa keypt rítalín af ákærða. Fyrrum sambýlismaður konunnar og faðir hennar komu fyrir dóm og ber skýrslum þeirra saman við lögregluskýrsluna um að konan hafi keypt lyf af ákærða. Þá fær framburður þessara tveggja kvenna stuðning í framburði vitna, sem rakinn var í III. kafla, en öll bera þau um beina vitneskju um lyfjasölu ákærða eða óbeina eins og rakið var. Samkvæmt þessu telur dómurinn sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi selt lyf eins og honum er gefið að sök í a-lið I. kafla ákæru þó þannig að ósannað er að hann hafi selt konunni, sem ekki kom fyrir dóm, önnur lyf en rítalín.

Í b-lið er ákærða gefið að sök að hafa átt lyfin, sem þar eru tilgreind, í söluskyni án þess að hafa framangreind leyfi. Lyf þessi fundust við húsleit í Draumnum og að Snorrabraut 40. Eins og rakið er í III. kafla bar ákærði að kona, sem nú er látin, hefði átt þessi lyf og hefði hann geymt þau fyrir hana. Í III. kafla var rakinn framburður vitna sem báru um lyfjasölu ákærða og eins vitna er báru um umferð lyfjaneytenda á opnunartíma verzlunar hans og eins um leifar lyfjaneyslu í nágrenni hennar. Þá bar kona, sem býr að Snorrabraut 40 að lyfin, sem þar fundust, hefðu verið á vegum ákærða nema 178 töflur af sobril og 1 tafla af imovane sem hún kvaðst eiga. Þegar virtur er framburður vitna um sölu ákærða á lyfjum og framburður bróður hinnar látnu konu um að hún hefði selt ákærða lyf er það niðurstaða dómsins að fallast á það með ákæruvaldinu að ákærði hafi átt þessi lyf í söluskyni nema 178 töflur af sobril og eina töflu af imovane sem lagt var hald á að Snorrabraut 40 og kona, sem þar býr, bar að hafa átt. Samkvæmt þessu telur dómurinn sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi átt lyf í söluskyni eins og honum er gefið að sök í b-lið I. kafla ákæru

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður ákærði sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í I. kafla ákæru og eru brot hans þar rétt færð til refsíákvæða.

Ákærði hefur játað sök í II. kafla ákæru og styðst játning hans við gögn málsins. Hann verður því sakfelldur fyrir það sem honum er þar gefið að sök og er brot hans þar rétt fært til refsíákvæða.

Í III. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa haft í vörslum sínum kókaín eins og þar er rakið. Ákærði hefur neitað sök og taldi hann við aðalmeðferð líklegast að erlendir iðnaðarmenn, sem bjuggu hjá honum og unnu fyrir hann, hefðu átt efnið. Samkvæmt leitaskýrslu lögreglu fannst kókaínið í geymslu uppi á háalofti

að Heiðarási 3. Á sama stað voru áhöld þau og íblöndunarefni sem krafist er upptöku á. Ákærði sagði lögreglu að hann vissi ekki hver ætti efnin eða hlutina. Þótt saga ákærða um hina erlendu iðnaðarmenn sem hann réði til starfa án þess að vita haus né sporð á þeim sé ekki beint trúleg þá er ekki hægt, gegn neitun hans, að sakfella hann fyrir vörslur kókaíns á þeim grundvelli einum að efnin hafi fundist á heimili hans. Samkvæmt þessu verður ákærði sýknaður af þessum ákærulið.

Ákærði hefur neitað sök samkvæmt IV. kafla en þar er honum gefið að sök peningaþvætti. Lagt var hald á peningana, sem tilgreindir eru í ákæruliðnum, í tösku sem fannst undir rúmi að Snorrabraut 40. Ákærði bar fyrir dómi að hann ætti þetta fé og hefði unnið fyrir því eins og rakið var í III. kafla. Þar var og gerð grein fyrir skýringum hans á því hvernig hann hefði aflað fjárins og af hverju það hefði verið í töskunni en ekki í banka. Hér fyrr var ákærði sakfelldur fyrir að hafa átt allmikið af lyfjum í sölskyni 10. júní 2010. Af framburði vitna má ráða að ákærði hafði um alllangt skeið áður en leitað var hjá honum selt lyf. Með viðurkenningu hans er sannað að hann hafði selt óleyfilegt tóbak í um eitt og hálf ár áður en leitað var. Þegar litið er til þess tíma sem ólögleg lyfja- og tóbakssala ákærða stóð yfir og umfangs hennar, en vitni hafa borið um það eins og rakið var, má fallast á það með ákærvaldinu að ákærði hafi aflað sér ávinnings með broti á þeim lögum sem hann hefur verið sakfelldur fyrir. Dómurinn telur því sannað að peningarnir, sem í töskunni voru, séu afrakstur þessarar starfsemi ákærða, enda eru skýringar hans á tilurð þeirra með öllu haldlausar. Ákærði hélt því í fyrsta lagi fram að um væri að ræða greiðslu vegna loka verslunarreksturs síns í Kringlunni. Í öðru lagi hefði hann tekið lán og loks hefði hann lagt fyrir í töskuna. Verslunarrekstrinum lauk 2006 og lánið tók hann sama ár og ekki líklegt að hann hafi geymt afgang af viðskiptum í tösku allan þennan tíma. Þá er ekki trúlegt að hann hafi geymt sparifé sitt á þennan hátt. Enn fremur hélt ákærði því fram að erlendu peningarnir væru afgangur af ferðapeningum og sambýliskona hans hefur borið á sama hátt. Hefði verið um að ræða hóflega upphæð erlendra peninga hefði mátt trúa þessari fullyrðingu ákærða. Hér er hins vegar um að ræða miklu hærri fjárhæðir en svo að um geti verið að ræða venjulegan afgang af ferðapeningum og er þessari skýringu hans hafnað. Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í IV. kafla ákæru, nema hvað hann er sýknaður af því að hafa aflað sér ávinnings með sölu og dreifingu fíkniefna. Brot ákærða er rétt fært til refsíákvæðis í ákærinni.

Ákærði var sektaður fyrir brot gegn lögum um helgidagafrið árið 2004 og árið 2008 var hann sektaður fyrir brot gegn tollalögum. Við ákvörðun refsingar ákærða ber að líta til þess að brot hans stóðu yfir í alllangan tíma og hann aflaði sér verulegs ávinnings með sölu lyfja og tóbaks. Þá verður höfð hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða er hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist hans eins og í dómsorði segir.

Fíkniefni, íblöndunarefni og áhöld verða gerð upptæk með vísun til þeirra lagaákvæða sem í ákæru greinir. Hið sama gildir um tóbak og lyf, nema 178 töflur af sobril og eina töflu af imovane sem haldlögð voru að Snorrabraut 40 og eru eign konu er þar býr. Krafan um upptöku á peningunum er í ákæru byggð á 1. mgr. 69. gr. og 1. tl. 1. mgr. 69. gr. b almennra hegningarlaga. Samkvæmt fyrrnefnda ákvæðinu má gera upptækt ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans. Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að peningarnir, sem í ákæru greinir og

krafist er upptöku á, hafi verið afrakstur ólöglegrar lyfja- og tóbakssölu ákærða og verða þeir því gerðir upptækir með vísun til 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað og málsvarnarlaun verjanda síns og verjanda á rannsóknarstigi að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, Júlíus Þorbergsson, sæti fangelsi í 12 mánuði en til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 11. til 16. júní 2010.

Upptækt skal vera 20,74 g af kókaíni, íblöndunarefni, 3 plastkassar með áhöldum, 222 dósir af fínkorna neftóbaki og 1729 dósir af munntóbaki, 418 töflur af mogadon, 19 töflur af rítalíni, 10 töflur af starklox, 29 belgir af NVR, 14 töflur af sobril, 18 töflur af rivotril, 19 töflur af levitra, 12 töflur af cialis, 267 amfetamíntöflur, 66 töflur af concerta, 10.182.000 krónur, 2.310 evrur, 400 danskar krónur, 764 bandarískir dalir, 250 bresk pund og 30 kanadískir dalir.

Ákærði greiði 23.299 krónur í sakarkostnað, málsvarnarlaun verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar hrl., 376.500 krónur, og þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi, Hjálmars Blöndal hdl., 213.350 krónur.

Arngrímur Ísberg